

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun og lögum um fjarskipti (gjaldtaka fyrir tíðnir og alþjónustu) – 454 mál

Ég rita þessa umsögn f.h. Sýnar (áður Fjarskipti hf.), sem stundar fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi m.a. undir merkjum Vodafone og Stöðvar 2.

Í tilvísuðu frumvarpi er að finna svofellt ákvæði til bráðabirgða í 7. gr.:

Við endurúthlutun tveggja tíðniréttinda á 900 MHz tíðnisviðinu (885–890/930–935 MHz og 900,1–904,9/945,1–949,9 MHz) sem skulu gilda til 13. febrúar 2022 skal taka gjald að upphæð 10.000.000 kr. fyrir hvora heimild.

Nú liggur fyrir að umræddum tíðniréttindum hefur þegar verið endurúthlutað. Var öðru þeirra úthlutað til Fjarskipta hf. (nú Sýn hf.), sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 7/2016 og útgefin tíðniheimild til Fjarskipta hf., dags. 13. febrúar 2017. Sjá ákvörðunina og tíðniheimildina á meðfylgjandi slóðum:

<https://www.pfs.is/library/Skrar/akv.-og-urskurdir/akvardanir-PFS/Akv PFS nr.7 2016 med vidauka nidurst.samrads.pdf>

<https://www.pfs.is/library/Skrar/Skraningar-og-levfi/Tidniheimildir/Endurutg.-tidnih.-2016/900 MHz tidniheimild Vodafone 13.02.2017.pdf>

Í tilvísaðri ákvörðun og tíðniheimild var fyrirvari um að Alþingi kunni að leggja á gjald fyrir afnot af 885-890/930-935 MHz til fimm ára eða til 13. febrúar 2022. Í tíðniheimildinni kom fram að þetta væri í samræmi við frumvarp til laga sem kynnt var á heimasíðu innanríkisráðuneytisins þann 8. febrúar 2017.

Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, sbr. lög nr. 33/1944, verður enginn skattur lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

Við blasir að þau atvik sem ráða skattskyldu þeirri sem löggjöfinni er ætlað að skjóta stoðum undir eru þegar orðin, þ.e. með ákvörðun PFS nr. 7/2016 um endurnýjun tíðniheimilda á 900 MHz tíðnisviðinu og útgáfu tíðniheimildanna. Af þessu leiðir að verði bráðabirgðaákvæði 7. gr. frumvarpsins að lögum mun það lagaákvæði ganga í berhöggi við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrirvarinn í tíðniheimildinni og ákvörðuninni breytir engu þar um, enda eru stjórnvaldsákvæðanir, rétt eins og almenn lög, stjórnskipulega réttlægri en stjórnarskrárákvæði um bann við afturvirkri skattlagningu. Er þess því farið á leit, að 7. gr. frumvarpsins verði fellt niður.

Virðingarfyllst,
f.h. Sýnar hf.



Páll Ásgrímsson hdl./LL.M.

Aðallögfræðingur / General Counsel
Skrifstofa forstjóra / Executive Office
Sími: +354 599 9000

pallas@syn.is
vodafone.is